

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

**EFS**

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps  
Bakki 1  
765 Djúpivogur

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsögötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 20. nóvember 2019

Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Efni: Fjárhagsáætlun 2020-2023

Eftirlitsnefndinni barst bréf sveitarfélagsins dags. 13. júní sl. Bréfið er ritað vegna óska nefndarinnar um upplýsingar varðandi fjárhagsáætlun 2019-2022 en þar komu fram fyrirætlanir sveitarfélagsins vegna rekstrarhalla á árunum 2019-2022. Þrátt fyrir að sveitarfélagið áætli að uppfylla ákvæði laga um jafnvægisreglu er ljóst að sveitarstjórn áætlað að rekstrarniðurstaða A-hluta verði neikvæð árin 2019-2022.

Í svari sveitarstjórnar kemur fram að rekstur Djúpavogshrepps hafi verið þungur undanfarin ár en stefna sveitarfélagsins sé að gæta aðhalds í rekstri og varúðar við áætlanagerð.

Við yfirferð á svörum sveitarfélagsins er ekki að finna haldgóð svör við því til hvaða aðgerða sveitarstjórn hyggst grípa til að koma fjármálum A-hluta sveitarfélagsins til betri vegar. Sveitarstjórn vinnur nú að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2020-2023 og væntir eftirlitsnefndin þess að þar komi fram áform sveitarstjórnar um bættan rekstur á komandi árum.

Til að fylgja enn frekar á eftir fyrri óskum um upplýsingar fer nefndin þess á leit að fá senda útkomuspá fyrir árið 2019, fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2023 og útlístanir sveitarstjórnar á því hvernig rekstrarhalla A-hluta verði snúið í rekstrarafgang. Nefndin væntir þess að í svörum sveitarstjórnar komi fram helstu markmið aðgerða, til hvaða aðgerða sveitarstjórn hyggst grípa og hvaða árangri þær eiga að skila.

Óskað er eftir að svör til nefndarinnar berist eigi síðar en 15. desember nk.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Þórir Ólafsson  
formaður

  
Eiríkur Benónýsson